

## Ársskýrsla Menntaskóla í tónlist MÍT 2018-2019

Í byrjun September barst skólanum bréf úr ráðuneytinu þar sem m.a. sagði: „Mennta- og menningarmálaraduneytið hefur leitað til Menntamálastofnunar um að meta starfsemi Menntaskóla í tónlist núna í haust. Matið kemur til viðbótar úttekt ráðuneytisins á ákvæðum í samstarfssamningi ráðuneytisins við MÍT.

Markmið matsins er að meta hvemig hefur til tekist að byggja upp faglegt skólastarf á framhaldsskólastigi, metið út frá viðmiðum um gæði framhaldsskóla og lögum og reglugerðum um framhaldsskóla.

Ákveðið hefur verið að nota sömu viðmið og liggja til grundvallar ytra og innra mati á öðrum framhaldsskólum þrátt fyrir að MÍT hafi starfað það stutt að ekki sé tímabært að meta allar vísbendingar í viðmiðunum. Engu að síður vonum við að MÍT hafi gagn af því að fara í gegn um þá vinnu að skoða sig út frá vimiðunum og fá í framhaldi af því endurgjöf frá ytri matsaðilum um stöðu skólans - til að undirbyggja áframhaldandi vinnu við að byggja upp öflugt skólastarf sem samræmist kröfum sem gerðar eru til framhaldsskóla. Matsaðilar verða Védís Grönvold og Þórir Ólafsson, sem hafa metið marga framhaldsskóla fyrir Menntamálastofnun. Þeim til ráðgjafar, vegna sérstöðu skólans sem tónlistarskóla, verður Helgi Þorbjörn Svavarsson, verkefnisstjóri hjá Símei" (tilvitnun lýkur)

Okkur í stjórnendateymi skólans fannst þegar við fengum í september tilkynningu um að þetta ytra-mat ætti að fara fram, ansi bratt að þurfa að takast þetta á hendur eftir aðeins eins árs starfssemi. Við ákváðum að skorast ekki undan, en bretta upp ermar og takast þetta á hendur og gera þetta eins vel og framast væri kostur. Öll þessi vinna reyndist lærdómsrík og mjög holl fyrir okkur stjórnendur að inna af hendi. Undanfari þessa ytra-mats var af okkar hálfu sá, að við settum saman starfshóp til að fara yfir og meta 78 atriði eða svokallaðar vísbendingar sem við fengum sendar frá matsmönnum og gefa hverju atriði fyrir sig eins konar einkunn. Við skiluðum skýrslu um þessa vinnu auk nokkurs fjölda annara skýrsla af ýmsu tagi. Matsmennirnir komu svo í heimsókn í október í báðar starfsstöðvar

skólans, skoðuðu húsnæðið og aðstöðu alla, hittu stjórnendur, tvo hópa kennara, aðra starfsmenn skólans, tvo hópa nemenda og stjórn nemendafélagsins auk formanns skólanefndar. Að okkar mati komum við vel út úr þessu mati. Í mörgum atriðum mátu matsmenn okkur hærra en við höfðum sjálf gert, sumt var örlítið lægra en margt var á pari við okkar mat. Ýmsar ábendingar fengum við, t.d. um að við skólann ætti að starfa foreldrafélag og skólaráð. Við erum byrjuð að hrinda því í framkvæmd. Einnig kom fram athugasemd um að fáir kennarar skólans hefðu leyfisbréf frá ráðuneytinu til að kenna við framhaldsskóla. Þegar stofnun þessa skóla var í burðarliðnum vorum við sem komum að þeim viðræðum fullvissaðir um að þetta ætti ekki að verða vandamál í framtíðinni. Þar var gengið út frá því að við skólann ættu að kenna starfandi listamenn og konur sem væru leiðandi hver á sínu sviði. Við skólann starfa mjög margir kennarar í það litlu stöðuhlutalli að ekki er þörf á leyfisbréfi til kennslu. Þess utan getur skólinn sótt um undanþágur fyrir kennara sína skv. 12 grein laga um menntun framhaldsskólakennara. Ég kannaði þessi mál meðal kennara skólans. Í ljós kom að all nokkrir kennarar skólans eru með slík leyfisbréf. Fjöldmargir eru líka með kennarapróf úr ýmsum skólum, bæði hérlendis sem og erlendum tónlistarháskólum. Einnig er farina af stað vinna um svokallað raunfærnimat sem ætti að auðvelda kennurum skólans að verða sér úti um slíka leyfisbréf. Annað sem matsmenn bentu á og kölluðu eftir voru kennsluáætlanir. Þeir báðu um að fá að sjá slíkar áætlanir í ýmsum fræðigreinum. Þeir fræðigreinakennarar sem við höfðum samband við brugðust skjótt við og skiluðu inn slíkum áætlunum. Í framtíðinni þurfa allir kennarar skólans að skila inn slíkum áætlunum og við erum að koma okkur upp kerfi til að skipuleggja og halda utanum það ferli. Við þurfum líka að koma okkur upp kerfi til að meta innra starf skólans og erum byrjuð á því. Einn hluti af slíku mati er að leggja reglulega fyrir nemendur skólans kannanir varðandi viðhorf þeirra til kennsluefnis, kennsluhátta og starfsins í skólanum almennt. Við lögðum slíka könnun fyrir nemendur í fræðigreinum í lok haustannar þar sem spurt var um viðhorf þeirra til kennsluefnis og kennslu í þessum greinum. Svörun nemenda var býsna dræm eða rétt um 10% þannig að niðurstöður teljast varla marktækar, en þau svör sem við þó fengum voru langflest mjög jákvæð. Á vorönn lögðum við sambærilega könnun fyrir nemendur í einkatímum í hljóðfæraleik, söng og meðleik. Það var svarhlutfall mjög gott og viðbrögð og svörun nær eingöngu á nákvæmum nótum.

Dagana 14 og 15 janúar sl fór hluti stjórnendateymis skólans til Stokkhólms og heimsóttum þar fjóra tónlistarmentaskóla. Þessir skólar voru annaðhvort klassískir eða ritmískir og einnskólinn var blandaður. Við hittum þarna skólastjórnendur og kennara, fylgdumst með kennslu og hlýddum á tónleika. Þetta var fróðlegt og við vorum sammála um að í þessum samanburði stæðum við hér býsna vel. Standard nemenda var mjög misjafn og í ljósi þess sem við heyrðum tel ég að okkar nemendur standi þeim sænsku ekki að baki nema síður sé. Þessir skólar voru hver um sig undir einu þaki og þar af leiðir að skóladagurinn er samfelldur og skólabragur býsna líflegur og skemmtilegur. Húsnæðismál MÍT er ljóslega eitt það allra brýnasta sem bíður okkar í framtíðinni.

Starf skólans á þessu öðru starfsári var sérlega blómlegt og mikið að vöxum. Nemendur voru við upphaf haustannar rétt undir 200 talsins. Þessir nemendur luku samtals 75 stigs- og áfangaprófum. Áfangapróf Prófanevndar tónlistarskóla voru samtals 47, og svokölluð vörðupróf, sem eru innanhúss stigspróf skólans voru 28. Þetta gerir miðað við 9 mánaða starfstíma skólans rúmlega 2 slík próf í viku hverri. Próf í fræðigreinum og öðrum hóptíma áföngum voru með hefðbundnum hætti. Ef við horfum til tónleikahalds þá voru haldnir rétt tæplega 50 tónleikar innan skóla tónleikar og rétt rúmlega 70 opinberir tónleikar. Þetta þýðir miðað við sömu níu mánuðina að í hverri viku voru haldnir að meðaltali rúmlega þrennir tónleikar á vegum skólans. Sennilega eru þessir tónleikar fremur vantaldaðir en of. Af einstökum viðburðum má nefna 26 próftónleika, sinfóníuhljómsveit skólans (SMÍT) hélt tvenna tónleika á árinu, báða í Neskirkju. Þeim fyrri stjórnaði Sigurgeir Agnarsson og einleikari var Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir, fiðluleikari. Á seinni tónleikunum lék Gunnar Helgason einleik á básúnu og Joe Ognibene stjórnaði hljómsveitinni. Ragnheiður Ingunn og Gunnar höfðu bæði unnið samkeppni um að fá að koma fram sem einleikari með hljómsveitinni. Stórsveit skólans hélt líka tvenna tónleika á skólaárinu, þá fyrri í desember í Hörpuhorni og þá seinni í maí í Kaldalóni. Það komu fram með sveitinni margir söngvarar úr ritmísku deildinni. Tvær ritmískar uppfærslur voru að venju haldnar ísalnum í Rauðagerði. Sú fyrri á haust önn með lögum eftir Magnús Þór Sigmundsson að skáldinu viðstöddu og sú seinni á vorönn með

lögum sálarrottningarinnar Arethu Franklin. Í klassísku deildinni fóru á fjalirnar tvær ævintýraóperur eftir Þórunni Guðmundsdóttur, sem hún sviðsetti og Kári Þormar stjórnaði. Um miðjan mars fóru fram tónleikar í Kaldalónssal Hörpu þar sem flutt voru fyrir fullu húsi með atriðum úr báðum deildum skólans. Í maíbyrjun setti skólinn svo á svið svokallaða Söngleikjasprengju í Háskólabíói. Þetta er vafalítið stærsta og viðamesta sýning sem nokkur framhaldsskóli hér á landi hefur staðið að. Frumkvæðið að þessari uppfærslu kom frá nemendum og þeirra nýstofnaða leikfélagi. Þau sem báru hita og þunga af sýningunni voru Chantelle Carey, Örn Árnason, Þórunn Guðmundsdóttir, Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir, Kristinn Evertsson, Jóhann G. Jóhannsson sem stjórnaði klassísku hljómsveitinni og Ingvar Alfreðsson þeirri rimísku, öll kennarar við skólann nema Jóhann. Sigurður Flosason hafði alla þræði í sínum höndum og yfirumsjón með verkefninu.

Að venju komu hér margir erlendir gestir sem héldu masterklassa í báðum deildum skólans.

Aðsókn að skólanum er góð. Í vor sóttu 90 nemendur um skólavist og hægt var að afloknum inntökuprófum að veita 70 þeirra skólavist. Skólinn er fullsetinn og í haust munu rétt liðlega 200 nemendur srunda hér nám. Stúdentsbrautin styrkist og á næsta ári verða þar væntanlega 45 nemendur eða fjórðungur nemenda skólans. Í haust tekur svo til starfa popplína innan ritmísku deildarinnar. Þar munu 20 nemendur hefja nám. 10 þeirra voru fyrir í skólanum en aðrir tíu voru teknin inn á grundvelli inntökuprófa. Þetta er viðleitni skólans til að koma til mót við nýjar og breyttar þarfir tónlistarsamfélagsins. Næsta haust fer líka af stað kennsla í lífsleikni en þann áfanga mun Valgerður Ólafsdóttir sálfræðingur og víóluleikari kenna. Þessi áfangi verður skylduáfangi fyrir stúdentsbautina.

Skólinn er greinilega að vaxa og styrkjast í samfélaginu. Við höfum unnið markvisst að kynningarmálum m.a. með því að láta gera stutt kynningarmyndband, setja inn stuttar stiklur á samfélagsmiðla og taka þátt í framhaldskóla kynningu í mars sl.

Þau sem fullgildu framhaldsprófi frá skólanum í vor voru:

Ari Frank Inguson, rafgítarleikari  
Benjamín Gísli Einarsson, ritmískur píanóleikari  
Björg Cathrine Blöndal, ritmísk söngkona  
Erla Mist Magnúsdóttir, ritmísk söngkona  
Erling Róbert Eydal, klassískur hornleikari  
Hafsteinn Rúnar Jónsson, klassískur píanóleikari  
Hrafnhildur Magnea Ingólfisdóttir, ritmísk söngkona  
Hugrún Elfa Sigurðardóttir, klassískur flautuleikari  
Jóhannes Þorleiksson, ritmískur trompetleikari  
Kristófer Hlífur Gíslason, rafgítarleikari  
Magnús Jóhann Gíslason, ritmískur píanóleikari  
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir, sópransöngkona  
Rebekka Blöndal, ritmísk söngkona  
Sólrún Hedda Hermannsdóttir Benediktz, mezzo-sópran söngkona  
Þorkell Ragnar Grétarsson, rafgítarleikari  
Þórhildur Magnúsdóttir, klassískur víóluleikari  
Snorri Örn Arnarson, rafbassaleikari

Fjórir nemendur til viðbótar luku próf- og tónleikahluta framhaldsprófs en eiga efti að ljúka einhverjum hliðargreinum og bíða því útskriftar til næsta vors.

Burtfararprófi, framhaldsskólaprófi í tónlist luku:

Benjamín Gísli Einarsson, ritmískur píanóleikari  
Herdís Ágústa Linnet, klassískur píanóleikari  
Jakob van Oosterhout, ritmískur trompetleikari  
Ólafur Ingi Finsen, ritmískur trompetleikari  
Snorri Skúlason, ritmískur bassaleikari  
Sverrir Arnórsson, klassískur sellóleikari  
Þorkell Ragnar Grétarsson, rafgítarleikari

Einn nemandi lauk stúdentsprófi frá skólanum.

Erling Róbert Eydal, klassískur hornleikari

Við skólaslit og útskrift þann 29. maí voru tvenn verðlaun fyrir námsárangur.

Fyrir hæstu meðaleinkunn á lokaprófi frá skólanum 9,25 Jakob van Oosterhout og fyrir flestar eininga 245 hlaut verðlaunin Erling Róbrt Eydal nýstúdent.